



Umsögn  
um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974,  
um ávana-og fíkniefni  
(afglæpavæðingu neysluskammta).

153. löggjafarþing 2023–2024.

Þingskjal 102 — 102. mál.

Nóvember 2023



Afstaða, félag fanga á Íslandi tekur hér með heils hugar undir frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr.65/1974, um afglæpavæðingu neysluskammta.

Frumvarpið boðar skref í átt að því að meðhöndla skuli vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en dómskerfinu eins og svo margir sérfræðingar hafa veitt umsögn um. En með frumvarpinu tekur íslenska ríkið skref í átt að mannúðlegri nálgun gagnvart vímuefnavandanum með skaðaminnkandi hugmyndafræði að leiðarljósi.

Refsistefnan eykur á jaðarsetningu og takmarkar möguleika einstaklinga á endurhæfingu, bæði hvað varðar líkamlegt heilbrigði og samfélagslega þátttöku.

Með því að afglæpavæða meðferð og vörslu vímuefna í skammtastærðum sem ætlaðar eru til eigin nota er tekið mikilvægt lýðheilsu skref, sem getur aukið jákvæða heilsufarslega útkomu, líkt og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna getur um.

Afstaða fagnar því að löggjöfin nái einnig til lyfja sem eru heimiluð í lækisfræðilegum og vísindalegum tilgangi, þ.e. lyfseðilsskyld lyf (sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni).

Rétt er að taka fram að það er mjög mikilvægt og mikið öryggistæki fyrir jaðarsetta hópa að neysluskammtar lyfja og annarra vímuefna séu alls ekki teknir af einstaklingum enda skapar það örvæntingu og getur orðið til þess að fólk verði mjög veikt og grípi til ýmissa aðgerða í örvæntingu til að útvega sér efni að nýju.

Afstaða telur rétt að miða við 10 daga skammt enda verður að taka tillits til fólks sem býr út á landi langt frá höfuðborginni þar sem langt er að fara eftir nýjum skammti og kannski ekki á færi hvers og eins í jaðarsettum hópum.

Félagið telur mikilvægt að bæta Afstöðu með í þann starfshóp stofnana og félaga sem eiga að vera ráðherra til ráðgjafar enda hefur félagið tveggja áratuga reynslu af þessum málum bæði sem notendur og sérfræðingar á öllum sviðum sem viðkemur vímuefnaneyslu.

Félagið er í daglegum samskiptum við notendur og



Þjónustar um 2000 einstaklinga í neyslu árlega. Þá átti félagið að vera í ongoing nefnd um vímuefni til ráðgjafar árið 2015 en sú nefnd komst aldrei á laggirnar út af ákveðinni stjórnmalakreppu en síðan er félagið í dag með fulltrúa í starfshópi heilbrigðisráðherra um afgangavæðingu neysluskammta og nú síðast í starfshópi heilbrigðisráðherra um stefnu stjórnvalda í skaðaminnkun. Það væri því skref aftur á bak að hafa félagið ekki með í slíkum hópi, og rétt er að taka fram að í dag eru einnig til félög sem eru sérhæfð í skaðaminnkun eins og Matthildar Samtökin.

Þá lýsum við okkur tilbúin til þess að mæta á fund nefndarinnar til þess að fara yfir umsögnina ef þess er óskað eða til að svara frekari upplýsingum sem nefndarmenn kunni að hafa.

Afstada er félag fanga á Íslandi og hefur mjög mikla þekkingu á málaflokknum enda unnið í tvo áratugi að þessum málum, skrifað greinar og tekið þátt í hinum ýmsu starfshópum um málefnið. Félagið er tilbúið að taka þátt í allri vinnu við áformin til ráðgjafar sem notendur og/eða ráðgjafar í málaflokknum.

Reykjavík, 01. nóvember 2023.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga á Íslandi,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

[formadur@afstada.is](mailto:formadur@afstada.is)